

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 18. júní 2020
UST202005-317/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 - Borgarvogur og Dílatangi

Við er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 og nýjum deiliskipulögum fyrir Borgarvog og Dílatanga í Borgarnesi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur m.a. út á að mörk skipulagsreita breytast þar sem m.a. reitur O1 stækkar, sem nemur viðbót við landfyllingu, auk þess er sýnd fyrirhuguð lega strandstígs.

Í deiliskipulagstillögu fyrir Borgarvog kemur fram að í tillögunni verður m.a. gerð grein fyrir lóðamörkum, byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og gert verður ráð fyrir fyllingu að hluta undir stíg við vík milli Kjartansgötu og íþróttahússins sem gefur möguleika á lóni.

Í deiliskipulagi fyrir Dílatanga er meginmarkmið skipulagsins að staðfesta lóðamörk, afmarka byggingarreiti og setja skilmála um mannvirki á lóðum og hugsanlega enduruppbyggingu. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir nýjum stígum, meðal annars meðfram strönd, og tengingum við núverandi stígakerfi.

Forsendur

Í greinargerð kemur fram að skýrsla Náttúrustofu Vesturlands um rannsókn á fuglalífi Borgarvogs er höfð til hliðsjónar við gerð tillögunnar og telur Umhverfisstofnun það jákvætt.

Umhverfisstofnun telur að megin umhverfisáhrif verkefnisins séu uppfyllingar í veginum og fyrirhugaðir stígar meðfram strandlengjunni.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð gildandi aðalskipulags (bls. 59) segir m.a. „*Vistfræðilegt gildi: Fjölmargar tegundir plantna og fugla byggja tilvist sína á votlendissvæðum sem eykur verulega við líffræðilega fjölbreytni viðkomandi svæðis. Óheimilt er að raska sjávarfítjum og leirum.*

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að Borgarvogur, vogurinn allur ásamt fjörum, er á náttúruminjaskrá en þar eru leirur og fítjar með miklu fuglalífi. Hægt er að sjá á heimasíðu

Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) frekari upplýsingar um svæðið
<https://www.ni.is/node/16085>

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að það komi fram í tillögunum að svæðið er á náttúruminjaskrá, fram komi hver áhrif tillögunnar séu á ásýnd svæðisins og það metið hvort tillögurnar hafi neikvæð áhrif á fuglalíf og verndargildi náttúruminja í umhverfismati.

Leirur

Umhverfisstofnun bendir á að leirurnar í voginum falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunum og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Borgarvogur - landfyllingar

Í greinargerð er unnin umhverfisskýrsla sem Umhverfisstofnun telur vera til fyrirmyndar. Í greinargerð kemur fram að aukin landfylling og gerð stígs við ströndina er talin hafa neikvæð eða óviss áhrif á leirur, fugla og annað dýralíf á leirunum.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins, sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir m.a. að ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert. Auk þess kemur fram í reglugerðinni að setja skal skilmála um vöktun áhrifa og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á.

Dílatangi – stígar

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir stíg meðfram strönd Borgarvogs en nákvæm lega nýrra göngustíga um opin svæði verður ákvörðuð við hönnun svæðanna.


Í viðbótarupplýsingum frá sveitarfélaginu kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að setja göngustíginn út í leirurnar, stígurinn verður á mólendi, á klöppum og steinum sem eru við ströndina og röskunin á verkefninu er fólgin í gerð grjótvagnar sjávarmegin við stíginn.

Þar sem skipulagssvæðið nær til svæðis sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og er á náttúruminjasrá er æskilegt að mati stofnunarinnar að umhverfisáhrif tillögunnar séu metin í umhverfismati.

Í 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir m.a. að við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, varðveislugildi o.fl. umhverfispætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Einnig kemur fram í skipulagsreglugerð að ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert. Setja skal skilmála um vöktun áhrifa og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á.


Samráð og aðgangsstýring

Í viðbótarupplýsingum frá sveitarfélaginu kemur fram að einnig verða settir timburpallar og fuglaskoðunarskýli með fræðsluskiltum á útvalda staði. Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skuli höfð við varplönd fugla. Umhverfisstofnun telur það æskilegt að haft sé samráð við Náttúrustofu Vesturlands varðandi þætti sem geta haft áhrif á fuglalíf, eins og framkvæmdir á varptíma, staðsetningu á göngustígum og fuglaskoðunarskýlum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur